

**Nr. 117 / 15 Kap VE 4*****Skipverji slasast á þilfari***

Skipaskr.nr. 2363      IMO 8714724  
Smíðaður: Danmörku 1988, stál  
Stærð: 699,5 brl. 1085 bt.  
Mesta lengd: 54 m      Skráð lengd: 47,49 m  
Breidd: 11 m      Dýpt: 6,6 m  
Vél: Wartsila 2250 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 12



Kap©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi þann 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 6. maí 2015 var Kap VE 4 á siglingu af kolmunaveiðum SV af Færeyjum. Veður: 15-20 m/s og ölduhæð 6 m.

Þrjár skipverjar voru sendir út á þilfar til að laga dælubarka og festa betur fiskidælu þar sem fótur á henni hafði brotnað. Einn þeirra var við stjórnstökin á bakkaspili og hinir neðar á þilfarinu þegar ólag kom beint framan á skipið með þeim afleiðingum að allir köstuðust til. Sá sem var við spilið slasaðist mest og ákveðið var að sigla með hann til Þórshafnar í Færeyjum. Hann var handleggsbrotinn og annar skipverji hlaut skrámur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipið var búið að vera á siglingu í 12 tíma frá miðunum þegar fiskidælan losnaði;
- að veður var slæmt og skipinu því haldið upp í þegar skipverjar voru sendir út á þilfar.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.